

Árný Sigurðardóttir

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is
Sent: fimmtudagur, 16. janúar 2020 15:03
Til: USK Þjónustu netfang
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 16. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að innri endurskoðun geri úttekt á hundaeftirlitinu í Reykjavík - R20010132

Tilvísun í mál: R20010132

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að innri endurskoðun geri úttekt á hundaeftirlitinu í Reykjavík er send umhverfis- og heilbrigðisráði til meðferðar. Borgarráði skulu berast upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis skal upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20010132

BORGARRÁÐ 16. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að innri endurskoðun geri úttekt á hundaeftirlitinu í Reykjavík - R20010132

BORGARRÁÐ 16. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að innri endurskoðun geri úttekt á hundaeftirlitinu í Reykjavík - R20010132

Flokkur fólksins leggur til að innri endurskoðun geri úttekt á hundaeftirlitinu en hlutverk innri endurskoðunar er að stuðla að hagkvæmari og skilvirkari nýtingu á fjármunum stofnana. Í ljósi megnrar óánægju með hundaeftirlit borgarinnar m.a. það árlega gjald sem hundaeigendum er gert að greiða og sem talið er að fari að mestu leyti í yfirbyggingu og laun er nauðsynlegt að innri endurskoðun fari í úttekt á hundaeftirlitinu. Hundaeigendur greiða um 35 milljónir á ári í hundaleyfisgjöld til að halda uppi hundaftirlitinu. Hundaeftirlitsgjaldið er ekki notað í þágu hunda t.d. til að lagfæra svæðið á Geirsnefi og gera ný hundagerði. Margir hundaeigendur telja að það kunni að vera brotin lög gagnvart hundaeigendum með því að nota hundagjöld til annarra útgjaldaliða en kveðið er á um í lögum. Engar vinnuskýrslur liggja fyrir t.d. í hvað þetta fjármagn fer í. Allir vita að umfang eftirlitsins hefur minnkað og verkefnum hundaftirlitsins hefur fækkað verulega á undanförunum árum. Árið 2019 voru kvartanir 84 en fyrir fáeinum árum margfalt fleiri. Fjöldi lausagönguhunda er varla teljandi enda sér hundasamfélagið á samfélagsmiðlum um að finna eigendur lausagönguhunda. Því er tilefni til að athuga hvort úrbóta sé þörf á starfsemi hundaftirlitsins eða hvort tilgangur þess og hlutverk hafi ekki runnið sitt skeið á enda.